Stúdentaráð Háskóla Íslands

**Vegna velferðar stúdenta á tímum COVID-19**

Könnunin var send út kl. 18 þann 22. mars, sunnudag, og voru 1.548 nemendur búnir að taka könnunina þann 24. mars, en tæplega 12.500 nemendur eru skráðir í HÍ.

Nemendur voru spurðir hvernig þeim líður í þeim fordæmalausu aðstæðum sem nú eru vegna COVID-19 á skalanum 1-10, þar sem 1 er mjög illa, 5 sæmilega og 10 mjög vel. 50.5% nemenda merktu líðan sína á bilinu 3 - 5. Rúmlega 73% nemenda merktu líðan sína 5 eða lægri.

Spurðir hvort stúdentar upplifa streitu og/eða álag sem hafi áhrif á námsframvindu sína sögðu 53.1% nemenda já, mjög mikið og 30% já, en ekki svo mikið.

Sérstakir samanburðarpunktar úr könnuninni:

- 54% íslenskra nema töldu sig upplifa mikla streitu á þessum tímum og 42% alþjóðlegra nema (erlendra nema og skiptinema). Íslenskir nemar upplifa meiri streitu en alþjóðlegir nemar. Þá líður stúdentum á stúdentagörðum almennt verr heldur en þeim sem búa í öðrum úrræðum, s.s. foreldrahúsum, leiguhúsnæði eða eigin húsnæði.
- Meðaltal nemenda við svörun á hvernig þeim líði á skalanum 1-10 á þessum fordæmalasu tímum var 4.9. Meðaltal skiptinema var 5.4, erlendra nema 4.5, meðaltal foreldra var 4.5 og meðaltal þeirra sem búa á stúdentagörðum var 4,6.
- Á skalanum 1-10 upplifa alþjóðlegir nemar mesta depurð eða 5.8 og eru íslenskir nemar þar á eftir í 5,7 og loks skiptinemar í 4.7. Nemendur í leiguhúsnæði upplifa mesta depurð eða 5,8 á skalanum 1-10. Þar á eftir koma nemendur á stúdentagörðum í 5.7, í foreldrahúsnæði 5.5 og í eigin húsnæði 5.3.

**Athugasemdir til Stúdentaráðs frá nemendum til að koma til skila til HÍ:**

- Nemendur þurfa að heyra frá deildarforsetum. Þögnin er ærandi.
- Ef þetta ílengist, er til skoðunar að fresta útskrift til að geta frestað ritgerðarskilum almennilega?

- Atvinnulífið hefur viðurkennt að það er órauhæft að ætla að starfsmenn geti skilað fullu vinnuframlagi að heiman. Það væri órökrétt af háskólaunm að halda að annað ætti við um stúdenta - eða starfsfólk HÍ.
- HR og háskólar í USA hafa **boðið uppá staðið/fallið** valmöguleika í stað einkunna og fellt niður hefðundin lokapróf. Margir nemendur sem kjósa að skila ritgerð í staðin.
- **Erlendir nemar eru margir kallaðir heim af ríkisstjórnum. Þeir fá ekki svör frá kennurum eða alþjóðaskrifstofunni um hvernig prófatímabili verði háttað og eru margir orðnir stressaðir að geta ekki klárað önnina ef þeir verða ekki hér á landi á prófatímabili.**
- Frestun á prófatímabili myndi skerða mögulegar tekjur í sumarvinnu. Betra að klára þetta af, en þó með sanngjörnum hætti.
- Hvernig verður munnlegum prófum háttað?

Spurt var "**Hvað gæti Háskóli Íslands gert til að þú getir lokið önninni með sem bestu móti? / What can the University of Iceland do help you finish this semester in the best way?**"

Algengustu athugasemdirnar voru:
- Ákveða strax hvernig önninni verður lokið
- Fara sömu leið og HR
    - **Staðið/fallið**
    - Kom oft fram
- Sleppa lokaprófum
- Verkefni í stað lokaprófa
- Heimalokapróf í stað lokaprófa
- Vera skýrari varðandi **verknám**.
    - Dæmi: Ég veit ekkert hvað staðan er og ég er búin að ráða mig í vinnu í sumar í starf sem snýst um það að klára verknámið. Ég er mjög stressuð yfir þessu.
- Huga sérstaklega að stöðu **foreldra**
    - Dæmi: Frestað skilum á BA lokaritgerð, frestað skilum á lokaverkefnum. Margir foreldrar, eins og ég, erum nýkomin úr þriggja vikna verkfalli leikskóla, beint yfir í þetta ástand. Á þessum bæ eru virkilega erfiðir tímar.
    - Dæmi: Hafa engan tíma til að sinna námi þar sem börneru lítið í skóla þessa dagana
    - Dæmi: Bjóða ólíka valkosti fyrir fólk í mjög ólíkri stöðu - ekki reyna að láta það sama ganga yfir fólk með börn, heimili og tilheyrandi og svo ungt barnlaust fólk í foreldrahúsum. Ég tel að leiðir eins og staðið/fallið þurfi að vera til skoðunar líkt og er í HR.
    - Dæmi: Haft meira svigrúm fyrir foreldra sem eru með leikskólabörn heima.

    - Dæmi: Gefa lengri frest á verkefnum,auka tíma í lokaprófum og auka tíma lesefnisprófum á moodle og svo hafa próf aðgengilegt á hvaða tíma dags kl9-21 tildæmis,þar sem hentar ekki öllum að taka próf á moodle yfir daginn,með börn heim og betra taka á kvöldin þegar börn sofa
- Veitt aðgang að **aðstöðu** fyrir þá sem vinna að lokaverkfenum og ritgerðum
- HÍ sé að standa sig vel
- Endurskoðað prófreglur hvað varðar sjúkra- og endurtektarpróf.
    - Dæmi: Líkt og t.d í KTH í Stokkhólmi þar eru reglurnar þannig að það mega allir mæta í sjúkrapróf. Líka þó þeir hafi mætt í upprunalega prófið. Það þarf ekki að skrá sig eða skila inn vottorði og það er alltaf hærri einkunnin sem gildir.
- Lengt aðeins meira í **skilafrestum**.
- Veitt aðgang að byggingum
- Lausnir snúa of mikið af nemendum í grunnnámi - vantar úrræði og svör f þá sem eru í rannsóknum
- Auka upplýsingaflæði beint frá kennurum/deildum þó skólinn standi sig vel
    - Dæmi: Háskólinn er að bregðast rosa vel við öllu en mér finnst ekki endilega allir kennarar vera reyna gera sitt besta til að fylgja þessu eftir, ég veit ekkert hvernig þessir fundir innan skólans hafa verið en mér finnst að það þyrfti að vera skýrara fyrirkomulag til þess að allir kennarar reyni að komast til móts við nemendur sína en ekki bara nokkrir kennarar. Það þarf eitthvað verklag þar sem kennarar kynna fyrir deildarforseta hvernig þeirra námsfyrirkomulag er og hvort það hafa komið kvartanir frá nemendum td. og þá hverju er verið að kvarta yfir og hvernig er hægt að breyta því, ég er í lotunámi og það eru 4 vikur eftir ca og það er stórt verkefni sem á að vinna að alla lotuna en það er ekki hægt eins og staðan er, en það er ekkert búið að tilkynna okkur um neitt staðfest fyrirkomulag og kennarinn vill ekki setja upptökur á netið heldur vill frekar vera live(væri hægt að hafa upptökur af þessum live fundum), þar sem það er fólk sem er í vinnu með skóla til að annast annað fólk sem dæmi og heimavinnandi foreldrar með ungabörn sem geta ekkert endilega mætt live í 8:20 fyrirlestur
- Koma til móts við nemendur með hópverkefni
    - dæmi: Taka tillit til þess að folk muni ekki geta sinnt verkefnum og naminu eins vel og þau gætu gert, miklu erfiðara að gera hopverkefni þar sem ekki ma hitta hopinn og ekki hægt að demba ser beint i lokaprof eftir erfitt ár
- Svara sem fyrst hver staðan verður þar sem óvissan er verst.
- Ef nemandi er nú þegar með 4,75 eða meira í áfanga þá á það að duga til þess að standast áfangann og þá er honum lokið. Ef nemandi kýs að taka lokapróf þá gildir það 50% og einkunnin gildir. Annars eiga hæstu einkunnir verkefna að gilda og þær

lægri detta út. Háskólinn VERÐUR að koma til móts við nemendur og gera allt sem í hans valdi stendur til þess að hjálpa nemendum að útskrifast. Þetta er óboðlegt.

- Bæta fjarkennsluna - Haldið betur utan um að fjarnámi sé sinnt. Er mjög misjafnt milli kennara hversu vel er komið til móts við nemendur í þessum aðstæðum.
- Haft verkefnin sem eru eftir til upphækkunar og mögulega lækka lokaprófseinkunnina sem þarf til að ná áfanganum í 4 en halda því að það þurfi 5 til að ná áfanganum

Stúdentaráð Háskóla Íslands

# Niðurstöður úr könnunar SHÍ eftir sviðum

**Varðandi viðhorf til námsmats með heimaprófum eða verkefnaskilum.** **5**

Þverfræðilegt nám/vissu ekki hvaða sviði þau eru á eða vildu ekki svara á hvaða sviði = 556 svör 5

**FVS 328 svör:** **6**

**VON 182 svör** **8**

**MVS 163 svör** **10**

**HUGS 134 svör** **12**

**Upplifun strietu** **14**

FVS 14

VON 15

MVS 16

HVS 17

# Varðandi viðhorf til námsmats með heimaprófum eða verkefnaskilum.

**Þverfræðilegt nám/vissu ekki hvaða sviði þau eru á eða vildu ekki svara á hvaða sviði = 556 svör**




299/556 líst vel á ---- 122/556 líst ekki sérstaklega á það --- 26/556 nei líst ekki vel á




325/556 líst vel á --- 89/556 líst ekkert sérstaklega á --- 33/556 nei líst ekki vel á -- 62 vita ekki

**FVS 328 svör:**




178/328, 54.3%  líst vel á

72/328,  22% - líst ekki sérstaklega á

17/328 5,2% - líst ekki vel á

33/328, 10% -  vita ekki

(39 nemendur skiluðu öðrum svörum)

FVS frh:




197/328 60%  líst vel á
42/328 líst ekki sérstaklega vel á
28/328 líst ekki vel á
40/328 vita ekki
(21 skiluðu öðrum svörum)

Stúdentaráð Háskóla Íslands

**VON 182 svör**




81/182 líst vel á
47/182 líst ekki sérstaklega á
16/182 vita ekki
15/182 líst ekki nógu vel á
(aðrir skiluðu öðrum svörum)

VON frh:




98/182 líst vel á
32/182 líst ekki sérstaklega á
24/182 vita ekki
9/182 líst ekki nógu vel á
(aðrir skiluðu öðrum svörum)

**MVS 163 svör**




82/163 já líst vel á
34/163 já en líst ekki sérstklega vel á
19/163 vita ekki
14/163 nei líst ekki nógu vel á
(aðrir skiluðu öðrum svörum)

MVS frh:




103/163 já líst vel á
24/163 vita ekki
14/163 já en líst ekki sérstaklega vel á
11/163 nei líst ekki nógu vel á
(aðrir ksiluðu öðrumsvörum)

HUGS 134 svör




77/134 líst vel á
32/134 líts ekki sérstalkgea á
10/134 vita ekki
5/134 nei líst ekki vel á
(aðrir skiluðu öðrum svörum)

HUGS frh:




78/134 líst vel á
11/134 nei líst ekki nógu vel á
18/134 já en líst ekki sérstaklega á
18/134 veit ekki
(aðrir skiluðu öðrum svörum)

## Upplifun streitu

**FVS**




191/328 Já mjög mikla
94 Já en ekki svo mikið
10 Nei ekki neitt
24 Í litlu magni

| |
|---|
| 58.23% |
| 28.66% |
| 3.05% |
| 7.32% |

**VON**




| |
|---|
| 79 Já mjög mikið |
| 64 Já en ekki svo mikið |
| 11 Ekki neitt |
| 23 Í litlu magni |

| |
|---|
| 43.41% |
| 35.16% |
| 6.04% |
| 12.64% |

MVS




| |
|---|
| 115Já mjög mikið |
| 33 Já en ekki svo mikið |
| 1 Nei ekki neitt |
| 11 Í litlu magni |

| |
|---|
| 70.55% |
| 20.25% |
| 0.61% |
| 6.75% |

HVS




| |
|---|
| 83 Já mjög mikið |
| 42 Já en ekki svo mikið |
| 9 Nei ekki neitt |
| 24 Í litlu magni |

| |
|---|
| 43.68% |
| 22.11% |
| 4.74% |
| 12.63% |

**HUGS**




| | |
|---|---|
| 64 Já mjög mikið | 33.68% |
| 39 Já en ekki svo mikið | 20.53% |
| 5 Nei ekki neitt | 2.63% |
| 15 Í ltlu magni | 7.89% |

Fyrir allar spurningar könnuninarinnar má ýta HÉR

Nánari samanburð á ýmsum breytum má finna HÉR

Ef óskað er eftir frekari sundurliðun eða upplýsingum úr könnuninni er hægt að esnda beiðni á shi@hi.is